

Nr. 029 / 12 Hjördís HU 16***Fær í skrúfuna og dregin áleiðis til hafnar***

Skipaskr.nr. 1831
Smíðaður: Akureyri 1987 plast
Stærð: 9,2 brl. 10,4 bt.
Mesta lengd: 10,86 m Skráð lengd: 10,47 m
Breidd: 3,07 m Dýpt: 1,58 m
Vél: Ford Sabre 88 kW 1987
Fjöldi skipverja: 3

Gögn:
Gögn RNS



Hjördís ©Jón Páll Ásgeirsson

Málið afgreitt á fundi 25. maí 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Jóhanni Ársælssyni, Pálma K. Jónssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 24. mars 2012 var Hjördís HU 16 á netaveiðum í Húnaflóa. Veður: Logn.

Skipverjar voru að leggja fimmtu trossuna en þegar seinna færi hennar fór fyrir borð kom flækja á það og varð baujan óklár svo lagt var að henni aftur. Þegar bakkað var við baujuna fór bugt úr færinu í skrúfuna og óskaði skipstjóri eftir aðstoð.

Björgunarskipið Húnabjörg kom um klukkustund síðar og dró Hafdís HU áleiðis til hafnar en á leiðinni virtist mesta flækjan hafa greiðst úr skrúfunni þannig að Hafdís HU gat siglt fyrir eigin vélarafli til Skagastrandar þar sem hún var hreinsuð.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.